

2023

Yfirlit siglingaverndar á Íslandi






Verndardeild

Samgöngustofa

10/01/2023



Innihald

1 Um þetta yfirlit	2
2 Stjórnsýslan	3
Skipulag (innra starf)	3
Innlent samstarf 	3
Erlent samstarf 	3
Verkefni og skyldur 	3
3 Siglingavernd SGS.....	4
Deildarstjóri siglinga- og hafnaeftirlits.....	4
Eftirlitsmenn.....	4
4 Helstu verkefni og skyldur Samgöngustofu vegna siglingaverndar.....	5
Reglur og leiðbeiningar	5
Íslensk lög og reglugerðir sem einkum móta starf Samgöngustofu að siglingavernd	5
Helstu evrópskar gerðir um siglingavernd	5
Alþjóðlegar og evrópskar leiðbeiningar um framkvæmd siglingaverndarráðstafana	5
Hlutverk og skyldur	5
Vera stjórnvöldum til ráðuneytis	5
Stjórnvald	5
Samþykki og staðfestingar vegna siglingaverndar	5
Eftirlit með aðilum sem fara með framkvæmd siglingaverndar	6
Þátttaka í erlendu samstarfi á sviði siglingaverndar	6
5 Innlent samstarf.....	7
Siglingaverndarráð	7
Samráðsfundir með verndarfulltrúum.....	7
Starfshópar eftir atvikum.....	7
6 Erlent samstarf.....	8
7 Aðilar sem hafa með höndum framkvæmd siglingaverndarráðstafana (eftirlitsskyldir aðilar)	9
Aðilar sem staðfestir skulu af Samgöngustofu.....	9
Réttindaháðir aðilar	9
Yfirlit aðila í janúar 2023	9
8 Hugtakalisti í siglingavernd	11

1 Um þetta yfirlit

Yfirlitið á að gefa grófa mynd af skipulagi siglingaverndar á Íslandi, helstu aðilum vegna framkvæmdar hennar og alþjóðlegu samstarfi. Þessi útgáfa er endurskoðað og uppfært yfirlit liðins árs.

Yfirlitið er ætlað verndardeild Samgöngustofu, verndarfulltrúum eftirlitsskyldra aðila og öðrum þeim sem skyldur hafa vegna siglingaverndar á Íslandi.


Í rafrænu formi (pdf) er víða í skjalinu hægt að smella á tengla sem opna á viðeigandi ítar- og skýringarefni. Ef smellt er á , opnast vefsíða með upplýsingum. Sé hinsvegar smellt á , birtast viðeigandi upplýsingar inni í þessu skjali.


Hugtakalisti yfir íslensk og ensk heiti eftirlitsskyldra aðila er að finna aftast í kafla 7 um eftirlitsskylda aðila. Orðskýringar og skilgreiningar vegna siglingaverndar er að finna m.a. í 3. gr. laga nr. 50/2004 um siglingavernd, 2. gr. reglugerðar nr. 265/2008 um framkvæmd siglingaverndar, 2. gr. Evrópureglugerðar nr. 725/2004 um að efla vernd skipa og hafnaraðstaða, II og III viðauka við Evrópureglugerð nr. 725/2004 um að efla vernd skipa og hafnaraðstaða og 3. gr. Evróputilskipunar 2005/65/EC um að efla hafnavernd (sjá tengla í viðeigandi vefsíður á bls. 5 hér á eftir).


DRAFT

2 Stjórnsýslan

Skipulag (innra starf)

Innviðaráðuneytið 

Samgöngustofa 

- Siglingasvið 

- **Siglinga- og hafnaeftirlit** 

Verkefni og skyldur

Vera stjórnvöldum til ráðuneytis

Gefa út staðfestingar vegna siglingaverndar

Eftirlit með framkvæmdaraðilum siglingaverndar

Senda tilkynningar og samantektir til ESA eftir því sem við á

Bregðast við niðurstöðum úttekta ESA

Taka þátt í erlendu samstarfi á sviði

siglingaverndar

Innlent samstarf

Siglingaverndarráð

Önnur stjórnvöld sem hafa hlutverk í siglingavernd


Starfshópar eftir atvikum


Erlent samstarf

Evrópusambandið

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins

EMSA 

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) 

Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) 

Norðurlandasamstarf eftirlitsstofnana í siglingavernd (NMS)

Bandaríska strandgæslan (USCG) 

3 Siglingavernd SGS

Deildarstjóri siglinga- og hafnaeftirlits

Haldór Ó. Zoëga

✉ halldor.zoega@samgongustofa.is

☎ 695-7942

Eftirlitsmenn

Júlíus Ó. Einarsson

✉ juliusoe@icetra.is

☎ 899-3003

Stefán Alfreðsson

✉ stefana@icetra.is

☎ 893-4793

Almennt er þess óskað að erindi sem varða siglingavernd séu send á sameiginlegt netfang þessara starfsmanna:








siglingavernd@samgongustofa.is

Eftirlit og annað starf Samgöngustofu vegna siglingaverndar er jafnan unnið í dagvinnu á virkum dögum. Almennt er þá a.m.k. einn starfsmaður hverju sinni með viðveru á skrifstofunni í Ármúla 2 í Reykjavík, sími 480-6000.

4 Helstu verkefni og skyldur Samgöngustofu vegna siglingaverndar


Reglur og leiðbeiningar

Íslensk lög og reglugerðir sem einkum móta starf Samgöngustofu að siglingavernd


- **Lög um Samgöngustofu, stjórnslustofnun samgöngumála nr. 119/2012** 
- **Lög um siglingavernd nr. 50/2004** 
- **Reglugerð um framkvæmd siglingaverndar nr. 265/2008** 
- **Reglugerð um bakgrunnsathuganir í siglingavernd nr. 808/2020** 
- **Reglur um farmvernd nr. 141/2010** 
- **Reglugerð um vernd skipa og hafnaraðstöðu nr. 474/2007** 
- **Reglur um fyrirkomulag öryggisleitar hafnaryfirvalda vegna siglingaverndar, nr. 550/2004** 

Helstu evrópskar gerðir um siglingavernd

Reglugerðir (opnar öllum)

- **Reglugerð nr. (EC) 725/2004** (REGULATION (EC) No 725/2004 OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL of 31 March 2004 on enhancing ship and port facility security) 
- **Tilskipun 2005/65/EC** (DIRECTIVE 2005/65/EC OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL of 26 October 2005 on enhancing port security) 
- **Reglugerð nr. (EC) 324/2008** (COMMISSION REGULATION (EC) No 324/2008 of 9 April 2008 on laying down revised procedures for conducting Commission inspections in the field of maritime security) 

Alþjóðlegar og evrópskar leiðbeiningar um framkvæmd siglingaverndarráðstafana

- ISPS-kóðinn (International Ship and Port Facility Security Code) 
- Kafli XI-2 (viðauki við alþjóðasáttmálann um öryggi á hafinu – SOLAS sáttmálann) (Special measures to enhance maritime security)

Hlutverk og skyldur

Vera stjórnvöldum til ráðuneytis

Siglingaverndarráð er skipað fulltrúum frá Samgöngustofu, ríkislögreglustjóra, tollgæslu, Landhelgisgæslunni, Samtökum verslunar og þjónustu og Hafnasambandinu. Því á að vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld vegna siglingaverndarmála auk þess að vera samstarfsvettvangur þessara aðila. Kveðið er á um skipan siglingaverndarráðs í Siglingaverndaráætlun Íslands.

Stjórnvald

Samgöngustofa er tilnefnt eftirlitsstjórnvald samkvæmt I. kafla laga nr. 50/2004 um siglingavernd.

Stofnunin ber ábyrgð á samræmingu og eftirliti með framkvæmd siglingaverndar á Íslandi. Stofnunin skal jafnframt sjá um að viðhalda Siglingaverndaráætlun Íslands. Hún gerir einnig áhættumöt vegna hafna og hafnaraðstaða, og hefur umsjón með þjálfun verndarfulltrúa og hafnargæslumanna.

Samþykki og staðfestingar vegna siglingaverndar

Í I. kafla laga nr. 50/2004 er fjallað um þá starfsemi sem fellur undir siglingavernd og hvaða aðilar þurfi samþykki Samgöngustofu vegna siglingaverndar en þeir eru:

- Útgerðarfélög SOLAS skipa sem sigla undir íslenskum fána
- Skip í alþjóðasiglingum (SOLAS skip) sem sigla undir íslenskum fána
- Hafnir (hafnaryfirvöld) sem þjóna skipum í alþjóðasiglingum

Samgöngustofa ber ábyrgð á að staðfesta eftirfarandi:

- Áhættumat útgerða fyrir íslensk skip
- Verndaráætlanir útgerða fyrir íslensk skip

- Verndaráætlanir hafnaraðstöðu fyrir hafnir
- Verndaráætlanir hafna fyrir hafnir
- Skipan verndarfulltrúa íslenskra skipa, útgerðarfélaga og hafnaraðstöðu
- Skipan eftirlitsaðila og gefa út skírteini eftirlitsmanna

Í I. kafla laga nr. 50/2004 um siglingavernd er kveðið á um að Tollgæslan (áður Tollstjóri) skuli setja reglur um farmvernd og annast eftirlit og framkvæmd með farmvernd í samráði við Samgöngustofu. Reglur um framkvæmd farmverndar er að finna í reglum nr. 141/2010 um farmvernd.

Tollgæslan ber ábyrgð á að staðfesta (votta) eftirfarandi farmverndaraðila:

- Aðila sem stunda útflutningsverslun, framleiðslu eða viðgerðarþjónustu í atvinnuskyni og flytja út vörur með reglubundnum hætti
- Flutningsaðila og flutningsmiðlara
- Aðila sem annast um útflutning, frágang, pökkun og hleðslu vöru
- Farmverndarfulltrúa (starfsmenn viðurkenndra farmverndaraðila)

Eftirlit með aðilum sem fara með framkvæmd siglingaverndar

Samgöngustofa skal annast eftirlit með siglingavernd sbr. 4. gr. laga nr. 50/2004 um siglingavernd og 3. gr. reglugerðar nr. 265/2008 um framkvæmd siglingaverndar. Þeir aðilar sem falla undir siglingavernd, útgerðarfélag íslenskra skipa í alþjóðasiglingum, íslensk skip í alþjóðasiglingum og hafnir sem skulu sæta eftirliti Samgöngustofu. Eftirlitsskylda stofnunarinnar vegna siglingaverndar er áréttuð í 5. tl. 9. gr. laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu.

Þátttaka í erlendu samstarfi á sviði siglingaverndar

Samgöngustofu ber, skv. 10. gr. laga um Samgöngustofu að vinna að innleiðingu og framfylgd alþjóðasamninga og EES-gerða, ásamt því að hafa eftirlit með að Ísland uppfylli skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamningum og annast undirbúning og þátttöku í alþjóðlegum úttektum.

Samgöngustofu ber að senda tilkynningar og samantektir til ESA eftir því sem við á auk þess að bregðast við niðurstöðum úttekta ESA á siglingaverndareftirliti hérlendis.

5 Innlent samstarf

Siglingaverndarráð

Samgöngustofa setur reglur um skipan og starfsemi siglingaverndarráðs sem skal vera stjórnvöldum til ráðuneytis um siglingavernd. Siglingaverndarráð skal vera ráðgefandi varðandi samhæfingu og eftirlit með framkvæmd siglingaverndar og samstarfsvettvangur um siglingaverndaraðgerðir sem nauðsynlegar eru til að mæta hættu gegn millilandasiglingum. Siglingaverndarráð skal koma saman minnst tvisvar á ári.

Aðalfulltrúar Samgöngustofu í siglingaverndarráði eru deildarstjóri verndardeildar og framkvæmdastjóri stjórnsýslu- og þróunarsviðs.

Samráðsfundir með verndarfulltrúum

Samgöngustofa stefnir að því að halda fundi með verndarfulltrúum á landsvísu eða í landshlutum eftir því sem tók verða á, þar sem farið verður yfir gildandi reglur og málefni siglingaverndar á hverjum tíma.

Starfshópar eftir atvikum

Fulltrúar verndardeildar eiga eftir atvikum sæti í starfshópum sem hafa takmarkað umboð í takmarkaðan tíma.

DRÖG

6 Erlent samstarf

Samgöngustofa tekur þátt í margháttuðu evrópsku og alþjóðlegu samstarfi og samráði um siglingaverndarmál, auk þess sem eftirlitsmenn sækja þjálfun til útlanda eftir því sem við er komið.

Evrópusambandið

Framkvæmdastjórn Evrópuráðsins (Maritime Security Committee/MARSEC)

Siglingaöryggisstofnun Evrópu (EMSA)

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA)

Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO)

Norðurlandasamstarf eftirlitsstofnana í siglingavernd (NMS)

Fulltrúar samgönguyfirvalda á Norðurlöndum hittast árlega á fundi í einhverju aðildarlandanna. Þar eru ræddar nýjungar og álitæfni um túlkun reglna, framkvæmd og samræmingu eftirlits.

Bandaríska strandgæslan (USCG)

Samstarfið byggir á gagnkvæmum heimsóknnum fulltrúa stofnananna og almennu samráði um siglingavernd.

DRAFT

7 Aðilar sem hafa með höndum framkvæmd siglingaverndarráðstafana (eftirlitsskyldir aðilar)

Aðilar sem staðfestir skulu af Samgöngustofu

Íslenskt heiti	Enskt heiti	Ávinnsla stöðu	Reglur
Hafnaraðstaða	Port Facility	Samþykki SGS	
Skip í millilandasiglingum	SOLAS ship		
Verndarfulltrúi skips	Ship Security Officer		

Réttindaháðir aðilar

Íslenskt heiti	Enskt heiti	Ávinnsla stöðu	Reglur
Hafnargæslumaður (öryggisvörður)	Security Guard	Námskeið og staðfesting verndarfulltrúa	
Verndarfulltrúi hafnaraðstöðu	Port Facility Security Officer (PFSO)	Námskeið og útgáfa skirteinis, Slysavarnaskóli sjómanna í umboði Samgöngustofu	
Verndarfulltrúi hafnar	Port Security Officer (PSO)		
Verndarfulltrúi skips	Ship Security Officer (SSO)		
Verndarfulltrúi útgerðarfélags	Company Security Officer (CSO)	Hæfniskilyrði og samþykki SGS	
Viðurkenndur verndaraðili	Recognised Security Organisation (RSO)		

Yfirlit aðila í janúar 2023

Með fyrirvara um mögulegar villur og síðari breytingar

Hafnasamlag – Höfn	Tengiliður	Staða	Netfang	Símanúmer
Faxaflóahafnir	Bergsteinn Ísleifsson	Öryggisstjóri/PSO	bergsteinn@faxafloahafnir.is	525-8917 / 660-8920
	Gísli Jóhann Hallsson	Hafnarstjóri/PFSO	gisli@faxafloahafnir.is	525-8930 / 660-8930
Faxaflóahafnir – Eimskip *	Eyþór H. Ólafsson	Öryggisstjóri/PFSO/CSO	eho@eimskip.is	525-7112 / 825-7101
Faxaflóahafnir – Samskip *	Bergvin Þórðarson	Öryggisstjóri/PFSO	bergvin.m.thordarson@samskip.com	458-8535 / 858-8535
Faxaflóahafnir – Olíudreifing *	Gestur Guðjónsson	Öryggisstjóri/PFSO	gestur@odr.is	550-9981 / 898-4712
Miðsandshöfn Hvalfirði	Gestur Guðjónsson	Öryggisstjóri/PFSO	gestur@odr.is	550-9981 / 898-4712
Grundarfjarðarhöfn	Hafsteinn Garðarsson	Hafnarstjóri/PFSO	hofn@grundarfjordur.is	438-6705 / 863-1033
Stykkishólmshöfn	Kjartan J. Karvelsson	Hafnarvörður/PFSO	hofn@stykkisholmur.is	861-1487
Tálknafjarðarhöfn	Ásgeir Jónsson	PFSO	siglingavernd@talknafjordur.is	690-2632
Hafnir Vesturbyggðar	Elfar Steinn Karlsson	Hafnarstjóri/PFSO	elfar@vesturbyggd.is	450-2312 / 849-7909

Hafnir Ísafjarðarbæjar/Ísafjarðarhöfn	Hilmar Kristjánsson Lyngmo	Hafnarstjóri	hafnarstjori@isafjordur.is	450-8081
Skagafjarðarhafnir/Sauðárkrókhöfn	Dagur Þ. Baldvinsson	Hafnarstjóri/PFSO	dagurb@skagafjordur.is	453-5169 / 893-3478
Hafnir Fjallabyggðar/Siglufjarðarhöfn	Friðþjófur Jónsson			
	Leno H. Passaro	PFSO	leno@fjallabyggd.is	852-2177
Dalvíkurhöfn	Rúnar Þór Ingvarsson	Yfirhafnarvörður/PFSO	runar@dalvikurbyggd.is	460-4934 / 862-0146
Hafnasamlag Norðurlands/Akureyrarh.	Pétur Ólafsson	Hafnarstjóri/PSO	petur@port.is	460-4202 / 861-2884
	Sigríður María Róbertsdóttir	Verkefnastjóri/PFSO	siggaroberts@port.is	460-4202/460-4205
Hafnir Norðurlands/Húsavíkurhöfn	Þórir Örn Gunnarsson	Hafnarstjóri/PFSO	totigunnars@nordurthing.is	464-6175 / 626-6176 / 893-9175
Langaneshafnir/Þórshafnarhöfn	Jón Rúnar Jónsson	Forstöðumaður/PFSO	hofn@langanesbyggd.is	863-5198
Vopnafjarðarhöfn	Kristinn Ágústsson	Hafnarvörður/PFSO	hofn@vopnafjardarhreppur.is	472-1299 / 898-5298
Hafnir Múlaþings - Seyðisfjarðarhöfn	Rúnar Gunnarsson	Yfirhafnarvörður/PSO	port@mulathing.is	470-2360 / 862-1424
Fjarðabyggðarhafnir	Birkir Snær Guðjónson	PFSO	birkir.s.gudjonsson@fjardabyggd.is	470-9000 / 860-1750
	Birgitta Rúnarsdóttir	Verkefnastjóri hafna/PFSO	birgitta.runarsdottir@fjardabyggd.is	470-9000 / 835-0982
Hafnir Múlaþings - Djúpavogshöfn	Stefán Guðmundsson	Hafnarvörður/PFSO	port.djupivogur@mulathing.is	478-8869 / 895-0869
Hornafjarðarhöfn	Vignir Júlíusson	Hafnsögumaður/PFSO	vignir@hornafjordur.is	570-8025 / 895-2042
	Dóra Björk Gunnarsdóttir	Hafnarstjóri/PSO	dora@vestmannaeyjar.is	891-8011
Vestmannaeyjahöfn	Ægir Örn Ármannsson	PFSO	pfso@vestmannaeyjar.is	
	Andrés Guðbjörn Kolbeinsson	PFSO	hafnarvernd@olfus.is	480-3601 / 691-6575
Grindavíkurhöfn	Sigurður A. Kristmundsson	Hafnarstjóri/PFSO	sigurdura@grindavik.is	426-8046 / 660-7305
	Próstur Magnússon	Hafnarvörður/PFSO		
Sandgerðishöfn	Grétar Sigurbjörnsdóttir	Verkefnisstjóri hafnar/PFSO	gretrar@sandgerdishofn.is	425-3090 / 865-1400
Reykjaneshafnir	Halldór K. Hermannsson	Hafnarstjóri/PSO	halldor.k.hermannsson@reykjanesbaer.is	420-3220 / 897-6300
	Karl E. Óskarsson	PFSO		420-3224
	Jóhannes Þ. Sigurðsson	PFSO		420-3224
	Jón Pétursson	PFSO		420-3224
Hafnarfjarðarhöfn	Ágúst Ingi Sigurðsson	Yfirhafnarsögumaður/PFSO	agustis@hafnarfjordur.is	
	Lúðvík Geirsson	Hafnarstjóri	ludvik@hafnarfjordur.is	825-2302 / 414-2300
	Hálf dán Hjalti Hálf dánarson	PFSO		
	Jón Júlíus Hafsteinsson	PFSO		

* Fyrirtæki sem sjá um framkvæmd siglingaverndar í ákveðnum hafnaraðstöðum hjá Faxaflóahöfnum

8 Hugtakalisti í siglingavernd

Heimildir: Lög nr. 50/2004 um siglingavernd og reglugerð nr. 265/2008 um framkvæmd siglingaverndar

Hugtak	Skilgreining
Aðgangsheimild	Ákvörðun um að einstaklingi sé heimill aðgangur að viðkvæmum upplýsingum og / eða haftasvæðum.
Áhættumat	Mat á áhættu gagnvart ógnunum og váatvikum og áætlun um ráðstafanir til að hindra og bregðast við vá.
Bakgrunnsathugun	Athugun lögreglu á því hver viðkomandi einstaklingur sé og skoðun lögregluupplýsinga um hann, m.a. um sakaferil. Athuginin er liður í mati á því hvort óhætt sé að veita einstaklingnum jákvæða umsögn og þar með sé unnt að veita honum aðgang að haftasvæðum og / eða viðkvæmum upplýsingum.
Hafnaraðstaða	Staður skilgreindur af aðildarríki eða tilnefndu stjórnvaldi þar sem tengsl skips og hafnar eru, og sem uppfyllir skilyrði laga um siglingavernd. Staður þar sem tengsl skips og hafnar eiga sér stað; þar á meðal svæði svo sem akkerislægi, legusvæði skipa og aðkomuleiðir frá sjó, eftir því sem við á.
Hafnargæslumaður	Starfsmaður sem hefur sérstakt hlutverk í tengslum við höfn, hafnaraðstöðu, haftasvæði eða fyrirtæki vegna siglingaverndar s.s. vöktun, gæslu og eftirlit.
Haftasvæði	Svæði sem sætir aðgangstakmörkun í samræmi við verndaráætlun.
Höfn	Tiltekið landsvæði og hafsvæði skilgreint af Samgöngustofu þar sem fram fer vinna og búnað er að finna sem er hannaður til að greiða fyrir flutningastarfsemi á sviði sjóflutninga í atvinnuskyni. Tiltekið landsvæði og hafsvæði sem skilgreint er í hafnarreglugerð viðkomandi hafnar.
Óvottað skip	Skip sem er ekki með alþjóðlegt siglingaverndarskírteini (ISSC skírteini).
Siglingavernd	Ráðstafanir samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktar um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS 1974) auk alþjóðakóða (ISPS Code) um skipa- og hafnavernd. Allar fyrirbyggjandi ráðstafanir sem ætlaðar eru til að vernda sjóflutninga, skip, hafnir, farm, útgerðir og viðeigandi fyrirtæki gegn hryðjuverkum eða ógn sem stafar af vísitandi ólögmætum aðgerðum.
a. skipavernd	Forvarnir til að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega og farms gegn hvers kyns ógn af hryðjuverkum eða öðrum ólögmætum aðgerðum.
b. hafnavernd	Forvarnir til að tryggja vernd hafnaraðstöðu gegn hvers kyns ógn af hryðjuverkum eða öðrum ólögmætum aðgerðum.
c. farmvernd	Forvarnir til að vernda farm gegn hvers kyns ógn af hryðjuverkum eða öðrum ólögmætum aðgerðum.
Tilnefnt stjórnvald	Sú stofnun eða það stjórnvald aðildarríkis sem falin er ábyrgð á framkvæmd siglingaverndar í höfnum og skipum (Samgöngustofa).
Trúnaðar- / viðkvæmar upplýsingar	Upplýsingar sem gæta þarf sérstaks trúnaðar um.
Umboðsmaður	Sá sem annast milligöngu útgerðar eða leigutaka skips og stjórnvalda.
Vástig	Segir til um hvert hættuástandið er þegar beita skal verndarráðstöfunum svo sem nánar er kveðið á um í alþjóðakóða (ISPS Code) um skipa- og hafnavernd.
Verndaráætlun	Áætlun til að tryggja að gerðar séu ráðstafanir til að vernda hafnaraðstöðu, höfn með eina eða fleiri hafnaraðstöðu, skip, einstaklinga og farm og skulu vera í henni fyrirmæli um það hvernig unnið skuli að því markmiði.
Verndarfulltrúi	Sá einstaklingur sem falin er gerð, framkvæmd og viðhald verndaráætlunar.
Verndarfulltrúi hafnar (PSO)	Sá einstaklingur sem falin er ábyrgð verndaráætlunar tiltekinnar hafnar, þar á meðal framkvæmd, endurskoðun og viðhald verndaráætlunar hafnar.
Verndarfulltrúi hafnaraðstöðu (PFSO)	Sá einstaklingur sem falin er ábyrgð verndaráætlunar tiltekinnar hafnaraðstöðu, þar á meðal framkvæmd, endurskoðun og viðhald verndaráætlunar hafnaraðstöðu.
Verndaryfirlýsing	Samkomulag um siglingavernd milli skipa og hafnaraðstöðu. Í samkomulaginu skal m.a. tilgreina verndarráðstafanir og ábyrgð hvors aðila um sig.
Viðurkenndur verndaraðili (RSO)	Aðili sem býr yfir sérþekkingu á áhættu og áhættugreiningu og viðeigandi þekkingu á skipum og starfsemi hafna, og sem samþykktur hefur verið til að gera áhættumat, eða til skoðana, eða til viðurkenningar eða útgáfu skírteina í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.
Vottað skip	Skip með alþjóðlegt siglingaverndarskírteini (ISSC skírteini).
Öryggishæfi	Hæfi einstaklings, stofnunar, fyrirtækis, svæðis eða búnaðar til að hljóta öryggisvottun.